



Skipulags- og samgönguráð  
Borgartún 14  
105 Reykjavík

***Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um framkvæmdir við Ánanaust (US210357).***

Vísað er til fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins dagsetta 15. desember 2021 um framkvæmdir við Ánanaust (USK21120123) sem er svohljóðandi: *Hvaða gatnaframkvæmdir eiga sér stað við Ánanaust og hversu langan tíma eiga þær að taka?*

Um er að ræða eftirfarandi framkvæmdir:

- Byggingaframkvæmdir við Sólvallagötu 79, Steindórsreit. Áætluð lok 20.04.2022.
- Rof á yfirborði borgarlands vegna endurnýjunar á hitaveitu lögnum og rafstengjum frá Grandavegi / Framnesvegi, Hringbraut, Sólvallagötu, með fram Ánanaust og að Mýrargötu. Áætluð lok 15.06.2022.
- Framkvæmdir sem felst m.a. í því að grafa og fylla fyrir hjólastíg meðfram Fiskislóð, malbikun, taka niður og reisa ljósastólpa, hellulögn, þökulögn, yfirborðsmerkingum og uppsetningu umferðarmerkja. Áætluð lok 15.06.2022.
- Rof og afnot af borgarlandi vegna framkvæmda við hækkun og endurgerð á sjóvarnaragarði á um 500 metra kafla við Ánanaust. Áætluð lok 29.04.2022.

Nánari upplýsingar má sækja í framkvæmdasjá Reykjavíkurborgar.

Beðist er velvirðingar á seinkun svars við fyrirspurninni.

Virðingarfyllst,  
Hjalti J. Guðmundsson

Skrifstofustjóri skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins